

Skólaráðsfundur 12. desember 2018 kl.8:30

Fundargerð

Mættir: Karl fulltrúi foreldra, Elsa og Guðrún Þ. fulltrúar kennara og Guðný fulltrúi starfsfólks. Aðalbjörg skólastjóri og Árni Freyr aðstoðarskólastjóri. Fannar fulltrúi grenndarsamfélags og Helga Dögg fulltrúi foreldra boðuðu forföll.

Fundarritari: Árni Freyr aðstoðarskólastjóri.

Efni fundar: Húsnæðismál.

Farið var yfir síðustu fundargerð frá 14. nóvember.

Skólaráðsfulltrúar voru upplýstir um aðgerðir í kjölfar úttektar Mannvits á loftgæðum í Vesturlandi:

- Fulltrúar frá Umhverfis-og skipulagssviði og Skóla-og frístundasviði mátu niðurstöðurnar svo að skynsamlegast væri að fara í alþrif í Vesturlandi og endurtaka mælingar á loftgæðum að tveimur mánuðum liðnum. Þá verður staðan á loftgæðum metin á ný og farið í frekari aðgerðir ef þörf er á.
- Stjórnendur Fossvogsskóla fylgdu fyrirmælum um alþrif sem stóðu yfir 5., 6., og 7. desember eftir hefðbundinn skólatíma hjá nemendum og laugardaginn 8. des. Allir yfirborðsfletir í rýminu voru hreinsaðir, þar með talið loft, gólf, veggir, gluggar, námsgögn, bækur og húsgögn. Umhverfis- og skipulagssvið fékk fagaðila til að annast þrifin og fylgdu þeir leiðbeiningum Mannvits um notkun efna og tækja.
- Sunnudaginn 9. des. var foreldrasamfélagið upplýst með tölvupósti um alþrifin og forsögu þeirra. Sami póstur var sendur á fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs og Skóla-og frístundasviðs. Einnig hafði skólastjóri samráð við sviðsstóra Skóla-og frístundasviðs um málið.
- Tveir foreldrar hafa gert athugasemdir við niðurstöður á úttekt Mannvits og aðgerðum um alþrif sem Umhverfis-og skipulagssviðs og Skóla-og frístundasvið ákváðu að framkvæma í kjölfar úttektarinnar. Þann 9. desember sendu umræddir foreldrar greinargerð um aðbúnað barna í Fossvogsskóla til formanns Skóla- og frístundaráðs, fulltrúa í Skóla-og frístundaráði og afrit fengu skólastjóri Fossvogsskóla, sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóri Umhverfis-og skipulagssviðs. Skólastjóri og umræddir foreldrar hafi verið í samskiptum um málið. Í samráði við þá upplýsti skólastjóri skólaráðsfulltrúa um inntak greinargerðarinnar. Umræddir foreldrar munu upplýsa skólastjóra um viðbrögð skólayfirlada við greinargerðinni, meta hver frekari vinnsla þeirra veður í málinu og leita til skólaráðs varðandi eftirfylgni í málinu eftir því sem þeir telja ástæðu til.

Næstu skref í húsnæðismálum:

Skólastjóri greindi frá því að stjórnendur hafi í haust og ekki hvað síst í tengslum við úttekt Mannvits á Vesturlandi lagt mikla áherslu á það að nemendur og starfsfólk vinni í heilnæmu og öruggu húsnæði. Þrýst hefur verið á úrbætur og næstu skref liggja fyrir:

- Farið verður í mælingar og úttekt á öllum skólanum eins fljótt og unnt er.
- Í jólafríinu verða breytingar gerðar á aðstöðunni í Neðstalandi. Flytja á skrifstofurýmið á 2. hæðina þar sem áhaldageymsla íþróttahúss er. Stúka á af báða fataklefana í íþróttahúsi fyrir áhöld í íþróttakennslu.
- Á næsta ári verður svo skipt um þakið yfir kaffistofu starfsmanna og skipt um stóran hluta loftræstikerfisins.
- Á næsta ári verður farið í að bæta aðstöðuna í mötuneyti og frístundaheimili með því að síkka glugga.

Önnur mál:

- Foreldrar í 4. bekk kölluðu eftir fundi með kennurum og stjórnendum 21. nóv. Málefnið varðaði niðurstöður samræmdra prófa, ör kennaraskipti hjá árganginum og langtímaveikindi hjá kennurum sem að mati foreldra orsökuðu mikið los á hópnum. Skólaráðsfulltrúar voru upplýstir um málavöxtu og úrbætur. Á umræddum fundi með foreldrum var farið yfir aðgerðir til úrbóta og er það mat kennara og stjórnenda að foreldrahópurinn sé almennt sáttur með hvernig staðið hefur verið að úrbótum.